

**Nd.**

## **587. Frumvarp til laga**

um ófriðartryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 575 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggð gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist: Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld, eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

2. gr. hljóðar svo:

Stofnunin starfar í þrem deildum, fasteignadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingardeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.